

Símenntunarmiðstöð
Vesturlands
Ársreikningur 2015

Símenntunarmiðstöð Vesturlands
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes
Kt. 540199-3539

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Símenntunarmiðstöðin er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var árið 1999. Markmið með starfsemi Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands er meðal annars að vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Vesturlandi; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Símenntunarmiðstöðin á að veita þjónustu á sviði framhaldsfræðslu í samstarfi við m.a. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila.

Símenntunarmiðstöðin er með þjónustusamning við Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fjölmennt – símenntunar og þekkingarmiðstöð.

Hagnaður varð á rekstri miðstöðvarinnar á árinu 2015 að fjárhæð 0,1 millj. kr. og nemur eigið fé 20,3 millj. kr. í árslok 2015 en þar af er 1,0 millj. kr. óskerðanlegt stofnfé sbr. 2. gr. skipulagsskrár stofnunarinnar.

Hjá stofnuninni störfuðu 7 starfsmenn í 5,4 stöðugildum á árinu 2015 og laun framkvæmdastjóra og stjórnar námu 9,2 millj. kr. á árinu.

Stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Borgarnesi, 18. mars 2016.

Í stjórn félagsins:

Guðrún Lárusdóttir
Magnús Snæmi Snorvason
Guðmundur
Kristín Þórgunn Arnadóttir
Sigrún Þórhildur
Lýsta E. Tuzpórsd.

Framkvæmdastjóri:

Inga Dóra Hafneldísdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningur Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands gefi glögga mynd af afkomu miðstöðvarinnar á árinu 2015, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnesi, 18. mars 2016.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrartekjur:			
Styrkir	6	84.578.951	85.714.177
Tekjur vegna námskeiða		25.659.989	20.666.773
Aðrar tekjur	7	3.980.901	3.585.800
		<u>114.219.841</u>	<u>109.966.750</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	8	46.444.541	44.023.672
Námsskeiðskostnaður	9	45.121.256	39.166.382
Annar rekstrarkostnaður	10	22.172.540	25.775.249
Afskriftir	3,11	311.560	389.450
		<u>114.049.897</u>	<u>109.354.753</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		169.944	611.997
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
Fjármunatekjur		1.136.384	720.726
Fjármagnsgjöld		(1.164.394)	(454.123)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>(28.010)</u>	<u>266.603</u>
Hagnaður ársins	13	<u>141.934</u>	<u>878.600</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	Skýr.	2015	2014
Fastafjármunir:			
Áhöld og tæki.....		1.246.242	1.557.802
Fastafjármunir alls	3,11	1.246.242	1.557.802
Veltufjármunir:			
Óinnheimtar tekjur	4,12	4.139.205	13.425.137
Aðrar skammtímakröfur		747.707	1.132.214
Verðbréfaeign.....		3.596.936	2.946.350
Handbært fé.....		23.501.812	14.193.749
Veltufjármunir alls		31.985.660	31.697.450
Eignir samtals		33.231.902	33.255.252
Eigið fé:			
Bundið eigið fé:			
Stofnfé	13	1.000.000	1.000.000
Frjálst eigið fé:			
Óráðstafað samkvæmt skipulagsskrá	13	19.268.981	19.127.047
Eigið fé samtals		20.268.981	20.127.047
Skammtímaskuldir:			
Fyrirframinnheimtar tekjur	2	6.216.000	7.167.728
Viðskiptaskuldir.....		1.115.566	179.777
Aðrar skammtímaskuldir		5.631.355	5.780.700
		12.962.921	13.128.205
Skuldir samtals		12.962.921	13.128.205
Eigið fé og skuldir samtals		33.231.902	33.255.252

Skýringar

Reikningskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Símenntunarmiðstöðvarinnar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið áður.

Innlausn tekna

2. Styrkir og framlög eru færð til tekna við móttöku greiðslu og tekjur af sölu námskeiða og styrkir eru færðir í rekstrarreikning þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra. Styrkir sérverkefna sem ekki er lokið í árslok eru færðir sem fyrirframinnheimtar tekjur í efnahagsreikningi í samræmi við stöðu verkefnis.

Varanlegir rekstrarfjármunir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími eru 5 ár.

Óinnheimtar tekjur

4. Skammtímakröfur í árslok 2015 eru færðar niður um 1,1 millj. kr. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum tekjum í árslok í efnahagsreikningi.

Áunnið orlof

5. Áunnið orlof er reiknað og fært í rekstrar- og efnahagsreikning og nemur skuldbindingin 3,5 millj. kr. í árslok 2015.

Sundurliðanir

6. Styrkir	2015	2014
Styrkur frá ríkissjóði	21.700.000	21.700.000
Styrkir vegna sérverkefna	4.739.403	81.000
Styrkur vegna erlendra verkefna	4.092.126	2.687.530
Styrkur vegna Fjölmennnt	4.500.000	4.500.000
Styrkur vegna Þróunarsjóðs	294.433	3.102.000
Styrkur vegna náms- og starfsráðgjafar	8.506.200	8.226.000
Styrkur vegna vottaðra námsleiða FA	24.193.800	20.408.000
Styrkur vegna fræðslustjóra að láni	0	1.105.000
Styrkur vegna hækkunar menntunarstigs í NV-kjördæmi	5.899.921	21.617.475
Styrkur vegna raunfærnimats	14.356.940	337.500
Styrkur vegna íslensku fyrir útlendinga	1.849.000	1.715.400
Endurgreiddir styrkir	(6.504.600)	(500.000)
Fyrirframinnheimtir styrkir	951.728	734.272
	<u>84.578.951</u>	<u>85.714.177</u>

Skýringar, frh.:

	2015	2014
7. Aðrar tekjur		
Námsvísir, auglýsingar, leiga og önnur sala	3.980.901	3.585.800
	<u>3.980.901</u>	<u>3.585.800</u>
8. Laun og launatengd gjöld		
Laun	36.600.497	33.950.426
Áfallið orlof, breyting	87.709	1.123.326
Ökutækjastyrkur	1.330.520	1.231.804
Tryggingagjald	3.156.782	2.958.518
Lífeyrissjóðsframlag	4.215.592	3.796.904
Önnur sjóðagjöld	1.053.441	962.694
	<u>46.444.541</u>	<u>44.023.672</u>
Stöðugildi í árslok	5,40	5,40
9. Námskeiðskostnaður		
Aðkeypt þjónusta	40.686.547	36.195.458
Húsaleiga og aðstöðukostnaður	584.800	205.150
Námsefni	830.489	1.050.428
Fjarfundakostnaður	1.603.029	434.000
Annar kostnaður	1.416.391	1.281.346
	<u>45.121.256</u>	<u>39.166.382</u>
10. Annar rekstrarkostnaður		
Útgáfa námsvísis	1.392.013	1.298.914
Tölvuþjónusta og hugbúnaður	2.514.222	2.215.257
Dagpeningar	554.860	570.322
Húsnæðiskostnaður	7.260.224	8.292.115
Áskriftir og félagsgjöld	335.842	295.352
Ýmis aðkeypt þjónusta	1.380.138	1.053.582
Skrifstofubúnaður og áhöld	112.296	1.973.355
Sími og póstburðargjöld	1.246.548	1.343.150
Prentun, pappír, ritföng, skrifstofuvörur og tryggingar	703.941	1.063.754
Ferðakostnaður	1.513.358	1.313.812
Auglýsingar	1.037.099	1.190.945
Rekstur bifreiðar, leiga bifreiða	1.897.908	2.011.600
Ráðstefnur, endurmenntun, námskeið og veitingar	480.550	486.630
Risna og móttaka gesta	174.983	243.701
Kaffistofa	329.992	336.698
Stofnframlag til Starfsendurhæfingar Vesturlands	0	200.000
Niðurfærsla krafna og tapaðar kröfur, breyting	(92.638)	825.914
Annar kostnaður	1.331.204	1.060.148
	<u>22.172.540</u>	<u>25.775.249</u>

Skýringar, frh.:

11. **Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Áhöld og tæki
Heildarverð 1.1.2015	1.557.802
Afskrifað á árinu	(311.560)
Bókfært verð 31.12.2015	<u>1.246.242</u>

Skammtímakröfur

12. Niðurfærsla skammtímakrafna	2015
Niðurfærsla í ársbyrjun	1.143.071
Breyting á niðurfærslu á árinu	(92.638)
Niðurfærsla í árslok	<u>1.050.433</u>

Eigið fé

13. Yfirlit um breytingu á eigin fé:

Bundið eigið fé:

Flutt frá fyrra ári	1.000.000
	<u>1.000.000</u>

Frjálst eigið fé:

Flutt frá fyrra ári	19.127.047
Hagnaður ársins	141.934
	<u>19.268.981</u>

Eigið fé 31.12.2015	<u>20.268.981</u>
---------------------------	-------------------

Önnur mál

14. Á árinu 2014 var gerður ótímabundinn leigusamningur við Hertz bílaleigu um leigu á bifreið. Bifreiðin er notuð fyrir starfsmenn Símenntunarmiðstöðvarinnar vegna starfa þeirra utan vinnustaðar. Leigu- og rekstrarkostnaður er færður meðal annars kostnaðar í rekstrarreikningi. Í gildi er tímabundinn húsaleigusamningur vegna fasteignar sem tekin hefur verið á leigu undir starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar, núgildandi samningur rennur út í júlí 2016.